

Leikur að læra

Þróunarverkefni í Barnaskóla Hjallastefnunnar á Vífilstöðum
veturinn 2015-2016



Ábyrgðarmaður: Ragnhildur Ólafsdóttir



*Barnaskóli Hjallastefnunnar á Vífilsstöðum hefur verið þátttakandi í þróunarverkefninu **Leikur að læra - hljóð og stafir** í vetur, aðallega á 5 ára kjörnum. Markmiðið með leikur að læra verkefninu er að efla læsi og kenna börnum að þekkja hljóð og stafi á skipulagðan hátt þar sem hreyfipörf nemenda er alltaf höfð að leiðarljósi við kennsluna.*

Starfið í Barnaskólanum með 5 ára börnum

Í upphafi verkefnisins gerðum við könnun svo við gætum gert okkur grein fyrir árangri verkefnisins. Við gerðum stafakönnun með börnunum og athuguðum hvort þau þekktu starfinn sinn, hljóðið sem stafurinn segir, viti hvað hann heitir, þekkir nafnið sitt í nafnahrúgu, geti formað stafinn sinn og hvort það þekkir aðra stafi í stafahrúgunni t.d stafi félaga sinna, stafinn hennar mömmu eða starfinn hans pabba.

Einnig gerðum við könnun á líkamlegum þáttum og athuguðum hvort þau gætu klappað saman lófum á móti kennara, hoppað á öðrum fæti c.a 1 m, geta haldið líkamanum í rennibraut, gert 5 sprellikallahopp í röð og staðið á öðrum fæti í 5 sekúndur.

Þegar búið var að gera kannanir þá unnum við markvisst að því að örva hreyfiproskann og málið í gengum skemmtilega leiki sem við fléttum m.a inn í þær kennsluáðferðir sem við notum fyrir.

Leikur að læra fléttað inn í starfið

Það var skemmtilegt að flétta Leikum og læra inn í daglegt starf t.d þegar við fórum á milli staða þá brutum við stundum flutningsleiðir upp með margskonar hreyfingum s.s labba eins og risar og taka risa skref á milli staða, hlaupa á milli ljósastaura og fara í 5 sprellikallahopp við hvern staur.

Litirnir

Leikur að læra aðferðin er frábær leið til þess að koma meiri hreyfingu inn í skólastarfið. Við bjuggum t.d til skemmtilegan hreyfileik í kringum litina. Vorum með kubbakassa þar sem þeir völdu fyrirfram ákveðin litaðan kubb upp úr kassanum og fóru með hann að hinum enda herbergisins í mismunandi flutningsleiðum t.d hoppa eins og froskar, hoppa á öðrum fæti og bjuggu þannig til sameiginlegt kubbaverk í mismunandi litum.

Leikir sem efla hljóðkerfisvitund læra að þekkja stök hljóð og atkvæði. Nemendur klappa atkvæði litaheitanna og festa svo viðkomandi lit við tölu sem passar við atkvæðafjöldann.

Fataverkefni

Settur var poki með allskyns fötum fyrir miðju á stóra mottu nemendur settust hringinn í kring og sungu fatavísu um leið og þeir klöppuðu til skiptis saman höndunum og á lær. Svo þegar vísan er búin

fara þeir koll af kolli að fatapokanum með mismunandi flutningsleiðum t.d hoppa eins og froskar eða skríða eins og könguló draga sér spjör úr pokanum og velta henni fyrir sér, hvað hún heitir, hvað eru mörg atkvæði í nafninu o.s.frv. að lokum er farið með spjörina aftur í sæti og klætt sig í.

Stafirnir

Við fórum í leiki þar sem unnið er að umskráningu. Barnið lærir að þekkja sinn staf heyrnnæmt og sjónrænt og æfir sig í að geta sjálft sagt og formað sinn staf. Við unnum sérstaklega með hljóð og stafi sem tengjast barninu. Þau lærðu að þekkja stafinn sinn í stafahrúgu, þekkja nafnið sitt í nafnahrúgu og að geta formað stafinn sinn og þekkja staf hjá fjölskyldumeðlimi.

Sýnilegra ritmál

Í kjölfar leikur að læra verkefnisins höfum við gert ritmálið sýnilegra t.d límt nafnaborða við sætið þeirra á matarborðinu, límt nafnið á fataklefa, hengt upp stafi og nöfn hjá föndurkrók. Auk þess höfum við bent á það ritmál sem kemur fyrir s.s stafina á smjördollunni við matarborðið svo eitthvað sé nefnt.

Stafurinn minn

Hér límdum við upp andlitsmynd á vegg og svo er stafahrúga/nafnahrúga á einu enda herbergisins. Börnin fara með mismunandi flutningsleiðum og ná í sinn staf/nafn og líma og fara svo til baka og líma á sína mynd með kennaratyggjói. Við höfum einnig haft tilbrigði þar sem þau fá töflutúss í hendur og æfa sig í því að skrifa stafinn sinn á myndina.

Nemendur nutu þess að leika sér meðefniviðinn og tengja við stafinn sinn

Húsaleikur nemendur finna sinn staf og sitt nafn kennarinn setur eins marga húllahringi á gólfíð og nemendur eru margir. Setur nafn hvers þeirra inn í hringina. Tónlist er spiluð og nemendur dansa og hreyfa sig. Þegar tónlistinn stoppar eiga nemendur að far í sinn hring þar sem þeirra nafn eða stafur er. Kennara hafa síðan búið til ýmis afbrigði af þessum leik t.d sett einnig blað og túss í húllahringinn og þau eiga að skrifa stafinn sinn eða nafnið sitt (þykjast eða skrifa allavega eins mikið og þau kunna).

Að hljóða stafinn

Við syngjum mikið Lubbi finnur málbein bókina. Þar höfum við verið að spinna skemmtilega leiki t.d farið með úllen dúllen doff eða uglu sat á kvisti og sá sem lendir á fær söng um stafinn sinn. Einnig höfum við búið til stafasúpu á sólinni og sá sem lendir á hoppar á öðrum fæti að "súpunni" dregur

upp staf og við syngjum stafinn eða hlustum á diskinn sem fylgir með bókinni. Við skoðum myndirnar og spáum í hvaða hljóð eru í orðunum yfir hlutina á myndunum. Lesa fyrir nemendur þannig öðlast þau betri tilfinningu fyrir hrynjanda málsins, spyrja út úr og hvetja til umræðu.

Börnin voru mörg fljót að læra sinn staf svo við prófuðum líka að tengja stafina við dýrin og sungum saman lagið „ég fór í dýragarð í gær“ þar sem við æfum samhæfingu með því að klappa til skiptist saman höndum og á lær og hljóðum saman fyrsta stafinn í hverju dýranafni sem við tökum fyrir.

Að forma stafinn sinn

Mikill stafaáhugi greip um sig hjá nemendum sem ljómuðu af áhuga við að móta stafinn sinn með fjölbreyttum aðferðum og efniviði. Einn leikur þróaðisti í leikstofu þar sem börnin voru að dansa. Kennari hefur límt nöfnin þeirra í hornin þegar tónlistin stoppar finna allir nafnið sitt og fara í sitt horn. Nemendum finnst gaman að fá að leika sér frjálst með efniviðinn skoða hann, para saman og flokka.

Fataklefaverkefni með foreldrum

Foreldrar kynntir fyrir verkefninu og fá smá verkefni til að gera með börnunum sínum á morgnana. Tilgangurinn með foreldraverkefninu er að gefa foreldrum innsýn í það sem skólinn er að vinna með hverju sinni og gefa foreldrum hugmyndir um það hvernig hægt sé að vinna með börnunum heima.

Börnin finna stafinn sinn af veggnum við hurðina í samvinnu við foreldra og fara með hann inn á kjarna og líma hann á spegilinn. Síðan þróuðum við verkefnið út í það að finna stafinn sinn, einhvern staf sem er í nafninu og svo staf þess sem kemur með barnið.

Fataklefaverkefni. Þeir sem eru mættir hafa tekið nafnið sitt og fært það inn fyrir og límt á spegilinn. Þegar öll börn sem voru mætt höfðu tekið nafnið sitt fóru þau að velta fyrir sér miðunum sem enn eru á veggnum og finna út hverjir eru ekki mættir.

Lokaorð

Verkefnið var gagnlegt fyrir starfið á 5 ára kjörnum og gaf okkur ýmsar góðar hugmyndir í sarpinn.